



Akureyri, 27. október 2025

Erindi frá Markaðsstofu Norðurlands vegna Flugklasans Air 66N

Ágæta sveitarstjórn

Starf Flugklasans Air 66N hefur verið með hefðbundnu sniði síðasta árið. Þau flug sem hafa verið í gangi hafa gengið vel og það er margt spennandi í farvatninu hvað varðar aukið millilandaflug um Akureyrarflugvöll. Nánari upplýsingar um starf Flugklasans undanfarna mánuði má finna í nýútgefinni skýrslu klasans.

Síðasta vor sameinuðust sveitarfélög á Norðurlandi vestra og Norðurlandi eystra um áskorun sem send var stjórnvöldum. Þar var sett fram afdráttarlaus krafa sveitarfélaga á Norðurlandi að Akureyrarflugvöllur verði áfram byggður upp og markaðssettur sem ein af gáttum Íslands. Í áskoruninni voru settar fram eftirfarandi tillögur:

- Skipa þarf sérstaka stjórn eða félag fyrir Akureyrarflugvöll sem setur honum stefnu til framtíðar. Hlutverk stjórnarinnar/félagsins væri að byggja upp alþjóðaflugvöllinn sem aðra gátt inn í landið; byggja upp nauðsynlega innviði vallarins, tryggja samkeppnishæfni og hafa leiðandi hlutverk í markaðssetningu hans í samstarfi við hagsmunaaðila í gegnum Markaðsstofu Norðurlands og Íslandsstofu.
- Tryggja þarf þessari stjórn/félagi fjármagn til rekstrar flugvallarins, uppbyggingar og markaðssetningar.
- Tryggja þarf fullnægjandi fjármagn til Flugþróunarsjóðs og þróa reglur hans þannig að hann sé betur samkeppnishæfur til að sinna hlutverki sínu varðandi uppbyggingu flugs til lengri tíma.
- Akureyrarflugvöllur á að vera jafn órjúfanlegur hluti af almennri landkynningu Íslands og Keflavíkurflugvöllur, enda annar af tveimur valkostum fólks sem vill fljúga til landsins

Staðan núna er að lítil viðbrögð hafa komið fram frá stjórnvöldum varðandi þetta mál. Flugklasinn hefur markvisst reynt að fylgja eftir þessari áskorun m.a. með samtölum við þingmenn og ráðherra, þrýstingi á stjórn Flugþróunarsjóðs og samtölum við Íslandsstofu um að Akureyrarflugvöllur verði betur kynntur í almennri neytendamarkaðssetningu á erlendum mörkuðum. En málin þokast hægt og það er ljóst að setja þarf aukinn þunga í að fylgja þessu máli eftir og vonumst við eftir stuðningi ykkar sveitarfélags til þess.

Þetta þýðir ennfremur að fjármögnun Flugklasans er enn ekki tryggð til lengri tíma. Undanfarin ár hafa sveitarfélögin á Norðurlandi stutt við Flugklasann með fjárframlagi, en vilji þeirra er að markaðssetning fyrir millalandaflug um Akureyrarflugvöll eigi að vera á hendi ríkisins frekar en sveitarfélaga. Þetta endurspeglast í tillögunum í áskoruninni sem vísað er til hér að ofan. En þar sem þessi mál eru ekki komin lengra þarf Flugklasinn enn á stuðningi sveitarfélaga að halda til að geta haldið áfram óbreyttri starfsemi.



Markaðsstofa Norðurlands
NORDURLAND.IS

Markaðsstofa Norðurlands óskar því hér með eftir stuðningi sveitarfélagsins að upphæð 500 kr. á hvern íbúa fyrir árið 2026. Vinsamlegast sendið undirrituðum svar við þessu erindi þegar niðurstaða liggur fyrir.

Með góðri kveðju,

Hjalti Páll Þórarinsson

Verkefnastjóri Flugklasans Air 66N